

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Alþingi
101 Reykjavík

Norðurlandi vestra, 6. febrúar 2026

Efni: Umsögn stjórnar SSNV um Frumvarp til laga um Opinber stuðningur við vísindi og nýsköpun, mál nr. 320/2026.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis kynnir til samráðs mál nr. 320/2026, Frumvarp til laga um Opinber stuðningur við vísindi og nýsköpun. Umsagnarfrestur er til og með 10.02.2026.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) fagnar þeirri heildarendurskoðun sem lögð er til í frumvarpi til laga um opinberan stuðning við vísindi og nýsköpun og tekur undir mikilvægi faglegra, gagnsærra og markvissra styrkferla. Jafnframt telur stjórn SSNV brýnt að tryggð verði að fyrirkomulag styrkveitinga stuðli með raunhæfum hætti að jafnvægi í byggðapróun og eflingunni nýsköpun og atvinnuuppbyggingu um allt land.

Í því samhengi vill stjórn SSNV sérstaklega koma eftirfarandi atriðum á framfæri:

Viðhald og þróun verkefna utan höfuðborgarsvæðisins

Stjórn SSNV bendir á að framkvæmdar- og nýsköpunarverkefni á landsbyggðinni eru að jafnaði nátengd staðbundnum atvinnugreinum og auðlindum, svo sem sjávarútvegi, landbúnaði, ferðaþjónustu og nýtingu náttúruauðlinda. Slík verkefni hafa oft ríka samfélagslega þýðingu fyrir viðkomandi svæði, þótt þau falli ekki endilega að mælikvörðum stórra þéttbýlissvæða.

Stjórn SSNV telur hættu á að alhliða samkeppni innan sameinaðra samkeppnissjóða geti, án sértækra viðmiða, dregið úr möguleikum verkefna á landsbyggðinni til að hljóta stuðning.

Stjórn leggur því til að mótað verði sérstakt viðmiðakerfi innan matsferla sem tryggir að verkefni með jákvæð áhrif á byggðapróun, atvinnusköpun og samfélagslega sjálfbærni í dreifbýli fái sanngjarnan aðgang að styrkjum. Slík nálgun gæti falið í sér svæðisbundna forgangsröðun eða hvatakerfi innan sjóða.

Aðlögun styrkferla að samfélagslegum aðstæðum smærri byggðarlaga

Stjórn SSNV leggur áherslu á að matsviðmið og styrkkerfi þurfi að taka tillit til ólíkra aðstæðna fyrirtækja og verkefna eftir stærð samfélaga. Smærri fyrirtæki og frumkvöðlar í dreifbýli búa oft við takmarkaðri fjárhagslega og mannlega burði en stærri aðilar á höfuðborgarsvæðinu.

Stjórn telur því mikilvægt að í lögum eða reglugerðum verði kveðið skýrt á um að styrkveitingar skuli miða að því að efla atvinnu, nýsköpun og lífsgæði í dreifbýli, meðal annars með því að hvetja til samstarfsverkefna á landsbyggðinni og tryggja að matsferlar mismuni ekki óbeint smærri aðilum.

Stjórn SSNV telur mikilvægt að halda áfram þeirri sérstöku áherslu sem Lóan nýsköpunarsjóður hefur haft á stuðning við verkefni á landsbyggðinni og leggst gegn því að sjóðurinn renni inn í almennan áherslusjóð samkvæmt frumvarpinu. Sérstaða Lóu hefur falist í því að veita styrki eingöngu til verkefna utan höfuðborgarsvæðisins og þannig jafna aðstöðumun milli landsvæða í nýsköpunarumhverfinu. Með því að sameina sjóðinn öðrum sjóðum er hætta á að þessi markvissa byggðatengda áhersla glatist og að tækifæri landsbyggðarinnar til að sækja í styrkjamöguleika minnki, þar sem verkefni úr stærri þéttbýlissvæðum myndu keppa á sama grunni án tillits til svæðisbundinna aðstæðna og byggðasjónarmiða.

Rannís og upplýsingamiðlun til landsbyggðarinnar

Stjórn SSNV undirstrikar mikilvægi þess hlutverks sem Rannís gegnir sem miðlæg stofnun í umsýslu og miðlun upplýsinga um opinberan stuðning við vísindi og nýsköpun. Jafnframt er bent á að fyrirtæki og sveitarfélög á landsbyggðinni eru ekki alltaf hluti þeirra neta þar sem upplýsingar um styrktækifæri berast sjálfkrafa.

Stjórn leggur til að komið verði á markvissu upplýsingakerfi sem tryggir virka miðlun til landsbyggðarinnar, svo sem með reglubundnum kynningarfundum í landshlutum, leiðsögn um umsóknarferli og beinu reglulegu samstarfi við landshlutasamtök sveitarfélaga.

Mælikvarðar á áhrif styrkja og byggðapróun

Stjórn SSNV telur nauðsynlegt að árangur opinbers stuðnings við nýsköpun verði ekki eingöngu metinn út frá fjölda verkefna eða fjárhagslegri ávöxtun, heldur einnig út frá samfélagslegum áhrifum þeirra í einstökum landshlutum.

Stjórn leggur til að í lögum verði skýrt kveðið á um að mælikvarðar á árangur styrkveitinga skuli taka tillit til svæðisbundinna áhrifa á atvinnusköpun, byggðafestu, nýsköpun í staðbundnum greinum og sjálfbæra þróun dreifbýlis.

F. h. stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

Sveinbjörg Rut Pétursdóttir

Sveinbjörg/Rut Pétursdóttir,
Framkvæmdastjóri